

Grunnskólinn á Þórshöfn 16.12.2025

Skýrsla frá Verkval ehf. Vegna skoðun 4 Grunnskóli

Verkval kom á staðinn til að mynda fráveitulagnir og skólp.

Byrjað var að mynda klósett og langir í B álmu. Lagnir og tengingar lýta vel út, fer strax í plast og út fyrir útvegg 2,5m og í brunn norðan við hús.


Næst var farið í stofu Brimnes í C-álmu og skoðað frá vaski. Farið var 25m inn í lögn og fundið fullt af tengingum sem komu. Sú lögn er talin vera í lagnaskurði sem gerður var 2016 sem liggur undir allri C-álmu til suðurs. Staðsett voru allar tengingar og fundið hvað kemur hvar. Teiknað upp á blað fyrir EFLU sem tók blaðið í lok dags.

Einhverjar tengingar voru undarlegar svo ákveðið var að fara í klósett syðst í C-Álmu. Tekið var strax eftir undarlegri tengingu frá vöskum á klósettum. Dósaborað beint og illa einangrað, staðsett beint fyrir neðan klósett sem þverar 30% af lögninni. Farið allt að 14m inn þegar mikið vatn kom í ljós og var þá lögn mikið stífluð. Og augljóst var að hún hafi verið stífluð í mjög langan tíma.

Eftir að búið var að ná stíflunni kom í ljós að lögnin hafði verið stífluð á einhverjum 15m kafla. Ekki náðist að hreinsa lögnina eins og Verkval hefði viljað vegna skort á tækjum á staðnum. Mjög mikil drulla, fita og allskonar var í lögn og mikið vatn enn sem sat lögninni. Þarf að hreinsa með dælubíl svo hægt væri að úrskurða hvort lögn væri sigrin eða skemmd.

Kaflinn sem var stíflaður er við útihurð hjá D-álmu og að brunni út í götu. Ekki var hægt að mynda götulögn vegna sands og drullu í lögn.

Við vestur horn á D-álmu kom svo í ljós tenging frá vaski úr herbergi syðst í C-álmu sem var undarlega einnig að mati Verkvals.



Fundið var grein undir austur herbergi D-álmu sem ekki var hægt að komast að hvert liggur eða fer vegna sand og drullu í lögninni utandyra frá götu.

Ekki náðist að mynda þakrennur vegna mikillar sands sem var í lögnunum frá þeim.